

Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

50. fundur, haldinn í Húsinu, Staðarbergi 6. Miðvikudaginn 8. maí 2013, kl.17:00

Fundinn sátu: Jón Foss Guðmundsson, Christine Mae Velasco, Valgerður Fjölvisdóttir, Þórdís Dröfn Andrésdóttir, Elín Lára Baldursdóttir, Ólöf Andrea Antonsdóttir, Yngvi Freyr Óskarsson, Birgitta Ósk Bates Gústafsdóttir, Brynhildur Ýr og Kristbjörg Víðisdóttir og Sindri Magnússon, starfsmaður Ungmennaráðs

Afboðuðu: Jóhanna Margrét Sigurðardóttir, Eyþór Agnarson og Sverrir Þrastarson

Fundargerð ritaði: María Birna Jónsdóttir, starfsmaður Ungmennaráðs

Dagskrá:

1. Fundarstjóri

Samþykkt að Jón Foss Guðmundsson sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 22. maí 2013

2. Ungmennafélag 2013

Lagðar voru fram allar þær tillögur sem komu fram á Ungmennafélagi 2013. Unnið verður úr þeim og þær kynntar á bæjarfulltrúum í júní. Málaflokkarnir eru fjórir. Valgerður, Christine og Yngvi fjalla um skipulag og umhverfi. Sverrir, Brynhildur og Elín um forvarnir. Kristbjörg, Ólöf og Þórdís fjalla um skólamál og að lokum Jóhanna, Jón Foss, Eyþór og Birgitta um félagsmál og menningu.

3. Tillögur UMH 2012 sem snúa að skólastarfi grunnskóla

Lagt var fram svar skólastjóra grunnskóla í Hafnarfirði um þær tillögur sem Ungmennaráð Hafnarfjarðar lögðu fram 2012. Ungmennaráð Hafnarfjarðar þakkar fyrir uppbyggilega endurgjöf skólastjórnenda á tillögunum sem snúa að skólastarfi grunnskóla. Ungmennaráð mun leitast eftir því að koma með nánari útfærslu á tillögu tvö.

4. Önnur mál

Umræða – skólamáltíðir

Umsóknin - lýðræðisverkefnið

Næsti fundur áætlaður 22. maí 2013. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:53